

Gullfoss

Framh. af bls. 1.
og síðan Fjallfoss, en Selfoss
rak lestina.

Skipin heilsast.

Um leið og hvert skip fór fram hjá Gullfossi, þeytti það flautu sína og heilsaði með fánanum að sjómannasið, en svarað var á sama hátt frá Gullfossi.

Fyrsta kveðjan, sem Gullfoss fjekk í morgun, var er Gullfaxi, millilandaflugvél Flugfélags Íslands, flaug á móti skipinu út af Reykjanesi um níu leytið. Fór flugvælin hring í kringum skipið, en flaug síðan á móti því og fram hjá í jafnhæð skipsins, svo greinilega mátti sjá áhöfn og farþega um borð í vélinni. Skömmu síðar þarst heillaóskaskeyti frá flugstjóranum, Sigurði Ólafssyni, til skipstjóra og skipshafnar á Gullfossi.

Gullfoss kom upp að landinu um þrjú leytið aðfaranótt laugardags. Var þá auðsjeð, að ef skipið sigldi með sama hraða, mundi það verða langt á undan áætlun til Reykjavíkur. Var því tekið það ráð að hægja ferðina og komið á ytri höfnina í Reykjavík um kl. 1, eins og áætlun stóð til.

Bæjarstjórn Akureyrar vill afnám skömmfunar á byggingarvörum

Á FUNDI í bæjarstjórn Akureyrar 9. þ. m. var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Bæjarstjórn skorar á Alþingi að samþykkja þingsályktunartillögu alp. manns Jóhanns Þ. Jósefssonar um afnám skömmunar og byggingarvörum og hömlum þeim, sem nú eru á byggingu hæfilegra íbúðarhúsa o. fl.

Verði þingsályktunartillaga þessi ekki samþykkt, þá skorar bæjarstjórn á Fjárhagsráð, að leiðrétta þegar á þessu sumri þann ójöfnuð er Akureyrarbær varð fyrir á s. l. ári, samanborið við Reykjavík, um úthlutun fjárfestingarleyfa til bygginga á íbúðum“.

Greinargerð.

Úthlutun fjárfestingarleyfa fyrir árið 1949 var miðuð við mannfjölda kaupstaðanna, kaupþúna og sveita árið 1947. Akureyri telst þá ár hafa haft 6516 íbúða en Reykjavík 51690, er þá hlutfallið 73 : 575. Á árinu 1949 fjekk Reykjavík úthlutað fjárfestingarleyfum fyrir 486 íbúðum, en Akureyri 43 íbúðum, en hefði eftir hlutfallstölunni átt að fá úthlutað 61 íbúð á móti 486 í Reykjavík. Akureyrarkaupstaður var því á árinu 1949 verulega afskiftur samborið við Reykjavík.

Þess utan var Reykjavík seint á árinu úthlutað leyfi fyrir 100 íbúðum er byggðar yrðu á árinu 1950.


Á þessu ári mun hafa verið sétt um fjárfestingarleyfi hjeðan úr bænum fyrir 59 húsum með 79 íbúðum. Ekkert leyfi hefur enn borist fyrir þessum íbúðum og því tímabært, að bæjarstjórn láti málið til sín taka bæði vegna húsnæðiseklunnar og atvinnulífsins í bænum.

H. Vald.

Á UPPSTIGNINGARDAG sigraði Sheffield Wednesday danskt úrvalslið með 1:0, en samtímis tapaði Glasgow Rangers fyrir Akademisk Boldklub með 1:2. Í Bandaríkjunum sigraði Manchester Utd. New England All Stars (1) með 2:0.

„V.-Íslendingar hreyknir eins og þið heima af skipastól Eimskipafjelagsins“

Viðtal við Arna Eggertsson og frú frá Winnipeg



MYND þessi var tekin af Eggertsson hjónunum og dóttur þeirra á Hótel Borg skömmu eftir komu þeirra til landsins.

NÝLEGA komu til Reykjavíkur flugleiðis frá Kanada Vestur-Íslendingurinn Árni G. Eggertsson og frú ásamt dóttur þeirra Ólöfu Thelmu. Koma þau hingað í boði Eimskipafjelags Íslands.

Hjónin eru hinir bestu fulltrúar íslensku þjóða, innar Vest-anhafs og eiga mikinn og góðan þátt í þjóðræknisstarfi Vestur-Íslendinga.

Frjettamaður Mbl. kom að máli við þau á Hótel Borg, þar sem þau dveljast nú.

— Við erum Eimskipafjelaginu mjög þakklát fyrir heimboðið, segir Árni. Það er ætíð minn, að jeg sitji hjer aðalfund fjelagsins og samtímis því er jeg svo hamingjusamur að fá að vera viðstaddur móttökuhátið Gullfoss, skipsins, sem sagt er vera glæsilegast allra íslenskra skipa.

Hreyknir af íslenska skipastólum.

— Eru Vestur-Íslendingar áhugasamir um starfsemi Eimskipafjelagsins?

— Það höfum við verið allt frá stofnun fjelagsins. Við fögn-uðum því á sínum tíma að mega eiga okkar þátt í stofnun fjelagsins og alltaf síðan höfum við fylgst af vakandi áhuga með vexti og viðgangi fjelagsins. Ef satt skal segja, þá erum við engu síður en þið hjer heima hreyknir yfir því, hve skipakostur fjelagsins er nú orðinn mikill og glæsilegur.

Árni flytur hingað óskir fjölda margra Vestur-Íslendinga og annarra Kanadamanna um að hið nýja skip megi verða happadriðgt á heimahöfunum.

Ásmundur P. Jóhannsson gat ekki komið.

— Þjer sögðust ætla að sitja aðalfund Eimskipafjelagsins?

— Já, það er svo ákveðið í lögum Eimskipafjelagsins, að í stjórn skuli eiga sæti 2 Vestur-Íslendingar. Nú erum við Ásmundur P. Jóhannsson fulltrúar Vestur-Íslendinga í fjelagsstjórninni. Var okkur boðið til Íslands í sumar, en Ásmundur gat því miður ekki tekið boðinu vegna lasleika. Ásmundur er nú 75 ára og var hann ásamt J. J. Bildfell og föður mínum Arna Eggertssyni o. fl. einn af frumkvöðlunum fyrir því að Vestur-Íslendingar tóku þátt í stofnun Eimskipafjelagsins.

Árni G. Eggertsson er fæddur í Kanada. Hann hefur einu sinni áður komið til Íslands. Það var á fyrri stríðsárunum. Var hann þá 17 ára og kom hingað með föður sínum. Hann segist nú engin orð eiga til að lýsa þeim breytingum sem orðið hafa á öllu hjer. Hann segir þó:

— Nú finnst mjer Reykjavík vera „heimsborg“.

Ætla að sjá hvernig tilraunin tókst.

Frú Maja Laxdal Eggertsson er fædd hjer á landi í Húsavík. Fæðir hennar fluttist til Vopnafjarðar þar sem hann var um tíma verslunarstjóri og síðan bjó hann, áður en hann fluttist vestur um haf, nokkur ár á Akureyri. Þar segist frú Eggertsson best muna eftir sjer.

— Jeg man það til dæmis, segir frúin, að á þeim árum var verið að gera tilraun með skóg-

rækt í ofurlitilli gróðrastöð á Akureyri. Nú verður skemmtilegt að koma til Akureyrar og sjá, hvernig „tilraunin“ hefur tekist.

Mesta flóð í byggð hvíttra manna.

Eggertsson hjónin eru búsett í Winnipeg og þar sem jeg veit, að margir hafa hlustað með ógn og eftirvæntingu á fregnirnar um hamfarir Rauðar, þá spyr jeg þau um fjettir þaðan.

— Þetta er mesta flóð, sem hvítir menn þekkja í Rauðardalnum, segir Árni. Eina flóðið í Rauða, er menn hafa fregnir af að hafi jafnast á við þetta var árið 1823. Þá bjuggu aðeins Indíánar í dalnum. Þeir höfðu lítið fyrir því, fluttu bara tjöld sín og farangur upp í fjöll.

— Nú er önnur saga. Nú færir fljótið í kaf húsnæði hundraða þúsunda manna, skol ar heilum bændabýlum á brott grefur burt jarðvegin og hristir af sjer brýrnar.

Húsin hrynja.

— Standa steinhús samt ekki að mestu óskert eftir?

— Ekki er það alltaf, því að svo hagar til í Rauðardalnum, að oft er ógerningur við húsmiðar að finna klöpp og eru húsinu því oft reist á leirlagi. Svo kemur vatnseigurinn, grefur jarðvegin undan og leysir upp leirlagið. Þá kemur það fyrir að ramgerustu steinhús hrynja.

— Tjónið af þessum hamförum Rauðar verður aðeins talið í tugum eða hundruðum milljóna dala. En við fáum mikla hjálp frá öðrum. Bandaríkjamenn hafa sent okkur dælur, fleka, sandpoka og allskonar flóðvarnartæki. Einnig hafa sjálfboðaliðar streymt að, matvæli eru send frá öllum hlutum Kanada o. s. frv.

17 þús. Íslendingar í Winnipeg.

— Hafa Vestur-Íslendingar orðið hart úti í þessum flóðum?

— Í Winnipeg munu nú búa

um 17 þúsund manns, af íslensku bergi brotnir. Það sama hefur auðvitað gengið yfir þá og aðra borgarbúa. Íslendingar búa ekki lengur í sjerhverfi, heldur hafa þeir dreift út um alla borgina. Skömmu áður en við lögðum af stað í ferð okkar hingað var komið ½ m. djúpt vatn í kjallarann í húsi okkar. Þá höfðum við unnið að því marga daga að dæla vatninu burt, en svo var gefin fyrirskipun um að yfirgefa hverfið.

Hjálpssemi í Gimli.

— Íslendingarnir sem yfirgefa borgina fara helst norður að Gimli, en þar er gömul Íslendingabyggð og því góðir kunningjar sem taka við flóttafólkinu. Þar eins og annarsstaðar sýna Íslendingar hjálpssemi og samheldni.

262 nemendur stóðust landspróf 1949

BLAÐINU hefur borist skýrsla frá skrifstofu fræðslumálastjóra um landspróf 1949. — Segir í henni, að undir prófið hafi gengið 334 nemendur. — 262 þeirra stóðust prófið, en þar af hlutu 202 nemendur rjett til inn göngu í menntaskóla.

Ágætiseinkun fengu 2 nemendur, báðir úr Menntaskólanum í Reykjavík, I. einkunn fengu 68, II. einkunn fengu 131 og III. einkunn fengu 61.

Annars skiptist tala þeirra nemenda, sem fengu rjett til að sitja í menntaskóla þannig niður. Frá Gagnfræðaskóla Vesturbæjar 53, Menntaskólanum í Rvk 48, Gagnfræðaskóla Austurbæjar og Laugarvatnsskóla, hvorum sig með 20. Núpaskóli 12, Gagnfrsk. Ísafjarðar 11, Reykholtsskóli 9, Eiðaskóli 6, Skóli á Staðastað 4, Kvinnaskóli Rvk, Flensborgarsk., Hveragerðissk., Borgarnessk., hver með 3 nemendur, Gagnfrsk. Siglufj. og Gagnfrsk. Vestmannaeyja 2, Gagnfrsk. Akraness og Miðskóli Sauðárkróki 1,


Sýning á íslenskum keramikmunum

opnuð í gær

Í GÆR var opnuð í Café Höll, uppi sýning á Laugarnesleir, íslenskum keramikmunum, bönunum til af Gestj Þorgrímssyni, myndhöggvara, en máluðum af Sigrúnu Guðjónsdóttur, listmálara, konu hans, Waistel, skoskum listmálara og Dolinda Tanner, svissneskum listmálara.

Sýningin er mjög athyglisverð, og er hjer um nýjan íslenskan listiðnað að ræða. Enginn þeirra fjörmenninna hefur lært keramikið, en þau hjónin, Sigrún og Gestur, byrjuðu að vinna að þessu árið 1947, er þau komu frá Kaupmannahöfn, en þar höfðu þau verið við nám á Kunstakademíinu. Nutu þau í fyrstu tilsagnar Elisabetar Magnúsdóttur, er hefur fengið ist við leirkerasmiði í Kaupmannahöfn, og er það eina kennslan, sem þau hafa haft.

Í fyrri tóku svo Waistel og Dolinda Tanner að vinna með þeim. Hafa þau þreifað sig áfram sjálf í þessu efni, og má telja árangurinn mjög góðan. Með þessu hafa þessir listamenn reynt að fara út fyrir hið venjulega svið listmálninga og höggmyndalistar, og inn í hið daglega líf. Munirnir eru mjög fjölbreyttir, er þarna að sjá margskonar vasa og skálar, víra flöskur og óskubakka. Engir tveir hlutir á sýningunni eru eins, og hefur verið reynt að gera hvern þeirra að sjálfstæðu



ÞRÍR munir á Laugarnesleirsýningunni, tveir vasar og cocktail-flaska.

litlu listaverki. Vinnan er mjög vönduð, og að dómi Björns Th. Björnssonar, listfræðins, tæknilega fullkomin. Einnig eru á sýningunni tvær höggmyndir eftir Gestu Þorgrímssyni, önnur í stein, en hin í trje, gerð í Kaupmannahöfn árið 1946, nokkur málverk eftir Waistel, eitt málverk eftir Dolinda Tanner, og fjórar ofnar myndir og ein ásaumuð eftir Ásgerði Ester Búa dóttur. Hún var á Kunstakademíinu í Kaupmannahöfn um leið og þau hjónin og lagði þar stund á svartlist og málaraust, en hefur byrjað á myndvefnadi síðan hún kom heim.

Listamennirnir hafa gert tilraunir með leirtausgerð, og notið við það aðstoðar Tómasar Tryggvasonar, jarðfræðins og Haraldar Ásgeirssonar, efnafræðings. Hefur þeim tekist að fá út mjög gott efni, en vantar áhöld til að vinna það.

Sýningin verður opin í 10 daga, og er opin frá kl. 11—11 daglega.